

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Stekkholt, deiliskipulag íbúðarbyggðar á Selfossi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 21. febrúar 2024, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, nýtt deiliskipulag sem tekur til götunnar Stekkholts á Selfossi. Meginmarkmið deiliskipulagstillögunnar er að gera deiliskipulag fyrir götumyndina á fyrrgreindum húsum við Stekkholt, og þá sérstaklega vegna lóðar nr. 22.

Lóðin Stekkholt 22, er 1.335 m² að stærð. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja á umræddri lóð allt að 460 m² einbýlishús, með bílskúr, og er þá miðað við nýtingarhlutfallið 0,35. Mesta leyfilega veggshæð/mænishæð er 4,0 m. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036.

Álfsstétt 1 og Eyrargata 2, deiliskipulag íbúðarlóða á Eyrarbakka.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 21. febrúar 2024, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, nýtt deiliskipulag fyrir lóðirnar Álfsstétt 1 og Eyrargötu 2 á Eyrarbakka.

Lóðin Álfsstétt 1, er 926,2 m² að stærð. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja á umræddri lóð allt að 278 m² einbýlishús, með eða án bílskúrs, og er þá miðað við nýtingarhlutfallið 0,3. Mesta leyfilega veggshæð verður 4 m og hámarks mænishæð 6 m. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036.

Lóðin Eyrargata 2, er 845,2 m² að stærð. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja á umræddri lóð allt að 253 m² einbýlishús, með eða án bílskúrs, og er þá miðað við nýtingarhlutfallið 0,3. Mesta leyfilega veggshæð verður 4 m og hámarks mænishæð 6 m.

Múli, deiliskipulag tveggja landspildna úr landi Votmúla I.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 21. febrúar 2024 deiliskipulag tveggja 10 ha landspildna úr landi Votmúla I, L166214. Spildurnar eru hvor um sig 10 ha að stærð og eru skilgreindir 2 byggingarreitir á hvorri lóð, B1-Íbúðarhúsnæði og B2-Landbúnaðarhúsnæði. Á B1 er gert ráð fyrir byggingu tveggja hæða íbúðarhúss auk sambyggðrar eða stakstæðrar bílgeymslu, með allt að 8,5 m hámarkshæð, og hámarksbyggingarmagni allt að 600 m². Auk þess er heimilt að byggja allt að 200 m² gestahús á einni hæð, auk garðhýsis/gróðurhúss á einni hæð, allt að 200 m², fyrir heimaræktun. Hæð aukahúsa er allt að 5 m. Á B2 er heimilt að byggja tvær landbúnaðarbyggingar með 8 m hámarkshæð, samtals allt að 1.000 m². Landið er skilgreint í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036 sem landbúnaðarland.

Stjórnusteinarnar 7 og Heiðarbrún 2-8a, deiliskipulag íbúðargötu á Stokkseyri.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 21. febrúar 2024 deiliskipulag fyrir lóðirnar Stjórnusteina 7 og Heiðarbrún 2-8a á Stokkseyri. Meginmarkmið deiliskipulagstillögunnar er að gera deiliskipulag fyrir götulínuna á fyrrgreindum lóðum, Stjórnusteinum 2 og lóðunum Heiðarbrún 2-8b, á Stokkseyri. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036. Fyrir er í gildi deiliskipulag fyrir lóðirnar Heiðarbrún 6 og Heiðarbrún 8, og mun það falla úr gildi við gildistöku nýs deiliskipulags.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur hafa hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 15. maí 2024.

F.h. bæjarstjórnar,

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.